

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2015

Efni: **Pingskjal 586 — 403. mál.: Frumvarp til laga um örnefni.**

Íslensk málnefnd fékk til umsagnar frumvarp til laga um örnefni í apríl 2014 og sendi svar 29. Sama mánaðar. Hún fagnar þessum áfanga þar sem löngu er tímabært að endurskoða örnefnalögin. Hún telur þau vel samin og til mikilla bóta.

Málnefndin vill nú ítreka að hún tekur undir 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Íslensk málnefnd tilnefni einn fulltrúa í örnefnanefnd. Hún hafði áður áheyrnarfulltrúa en þessi tillaga er mun eðlilegri og í samræmi við hlutverk Íslenskrar málnefndar. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61 frá júní 2011 er í 6. gr. um hlutverk Íslenskrar málnefndar tekið fram að hún skuli veita stjórnvöldum ráðgjöf um íslenska tungu á fræðilegum grundvelli og falla örnefni undir þá skilgreiningu.

Virðingarfyllt,

Guðrún Kvaran,

formaður Íslenskrar málnefndar